

Stjórn Foreldrafélags Grunnskóla fjallabyggðar

Stjórnarfundur 20. september 2017 kl 17 í Ólafsfirði

Mættar voru Hugborg, Telma, Katrín, Katrín Sif, Björk og Jónína skólastjóri.
Fjarverandi var Guðrún Þorvaldsdóttir

Dagskrá

-Jónína kynnti okkur fyrir aðstoðarskólastjóranum henni Sólveigu Rósu

1. Umræða um forvarnarstarf, sem er mjög mikilvægt að halda áfram eins og þegar kemur að netöryggi, einelti, áfengi og fíkniefni og útivistatíma (mikilvægi þess að foreldrar séu samtaka í þeim efnum) Kata tók að sér að athuga með kynningu á fyrirlestrum um netöryggi bæði fyrir nemendur og foreldra.

2. Umsókn um styrk til Fjallabyggðar þarf að skila inn til bæjarins fyrir 1. október. Bogga tók að sér að sjá um það með áherslu á áframhaldandi forvarnarstarf.

3. Saman hópurinn er með segla á ískápa með útivistatíma barna. Stjórnin ákvað að panta slíka segla og dreifa inn á heimili nemenda. Bogga tók að sér að panta það.

4.Ákveðið var í lok síðasta skólaárs að halda áfram að panta endurskinsmerki og dreifa til nemenda í 1. bekk en því miður var fyrirtækið sem hefur selt okkur þau hætt með þau í framleiðslu. Telma og Katrín Sif tóku að sér að finna nýja tegund sem verður vonandi komin niðurstaða í fyrir næsta fund.

5. Innheimta ársgjaldsins fer nú fram þriðja árið í röð og verður hún eins og síðast 2000 kr á heimil og verður það á gjalddaga 5. Nóvember

6. Jólaföndur. Hugmynd um að samræma föndrið og velja föndur frá heimaföndur Halldóru. Diljá tók að sér að fá uppfærðan lista sem við göngum vonandi frá á næsta fundi.

7. Peysumál. Ákveðið var að fara loksins í að panta peysur. Kata ætlar að tala við Rut í Siglósport og athuga með verð og peysur til mátunar. Peysan yrði merkt með merki skólans en foreldrar geta svo látið merkja með nafni ef áhugi er fyrir því.

8. Að lokum var rætt um nauðsyn þess að klára kosningar vegna fræðslustefnunnar, en það væri kannski möguleiki að flýta þeim vegna ríkisstjórnarskosninga sem verða núna í lok október. Foreldrafélagið telur aðkomu sína að þessu málið lokið en bendir fulltrúum undirskriftasöfnunar á að beita sér í þeim efnum.

Fundi slitið Kl: 18:10

Hugborg Inga